


# Afmælistónleikar

Hlíf Sigurjónsdóttir

fiðla

Carl Philippe Gionet

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
laugardaginn 21. október 2023 kl. 20:00

Mozart samdi Fiðlusónötu í B dúr K454 í apríl 1784, eftir að hann var sestur að í Vín, og frumflutti hana 29. apríl það ár ásamt fiðluleikaranum Regina Strinasacchi of Mantua. Sá frumflutningur var sögulegur því að Mozart hafði ekki gefið sér tíma til að skrifa út píanópart verksins – hann kunni verkið utanað – en hafði óskrifuð blöð á nótnastandinum til að fela það. Constanze, ekkja Mozarts, sagði síðar frá því að keisarin, Jósef annar, hafi séð auðu blöðin gegnum kíkinn og kallað Mozart til sín eftir tónleikana og beðið um að fá að sjá nóturnar. Hafi Mozart þá þurft að viðurkenna sem var.

Af þeim þremur fiðlusónötum sem Grieg samdi um ævina átti hann lengst við þessa síðustu. Þær tvær fyrri samdi hann á örfáum vikum árunum 1865 og 1867, en þá þriðju tveimur áratugum seinna og tók fleiri mánuði. Hann hélt mikið upp á hana og sat sjálfur við píanóið er þeir Adolph Brodsky fiðluleikari frumfluttu hana í Leipzig í desember 1887. Sónatan var að nokkru byggð á norskum þjóðlögum og tónfalli en, að sögn tónskáldsins, með víðari sjóndeildarhring en önnur sónatan sem hann taldi vera afar „norska“.

Henryk Wieniawski fæddist í Póllandi og var talinn undrabarn í fiðluleik sem fékk inngöngu í Parísarkonservatoríið átta ára gamall. Á sínum tíma var hann þekktari sem fiðluleikari en tónskáld, enda ferðaðist hann víða, bjó um skeið í Rússland, fór í tónleikaferðalag m.a. um Bandaríkin. *Scherzo* var notað um stutt mjög leikandi létt tónverk fyrir hljóðfæri. *Tarantella* er líflegur dans frá héraðinu Taranto á suður Ítalíu.

## *Efnisskrá*

W.A. Mozart     *Fiðlusónata* í B dúr K 454

1756–1791

I Largo – Allegro

II Andante

III Allegretto

Edvard Grieg     *Fiðlusónata* í c moll ópus 45

1843–1907

Allegro molto ed appassionato

Allegretto espressivo alla Romanza

Allegro animato

Henryk Wieniawski     *Scherzo – Tarantella*

1835 – 1880

Tónleikar í tilefni þess að þennan dag fyrir 35 árum var safnið opnað almenningi í endurbyggðri vinnustofu listamannsins.

**Hlíf Sigurjónsdóttir** er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Ruciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Hlíf hefur gefið út nokkra geisladiska sem allir hafa hlotið frábært lof gagnrýnenda. Haustið 2014 kom geisladiskurinn *DIALOGUS* út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach.

Hlíf er listrænn stjórnandi Sumartónleika Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og hefur tekið þátt í starfi safnsins frá upphafi.

**Carl Philippe Gionet** píanóleikari er fjölhæfur listamaður fæddur í Kanada, en franskur að langfeðratali. Hann lauk doktorsprófi í píanóleik frá Háskólanum í Montréal hjá Paul Stewart og hefur síðan tekið þátt í fjölda námskeiða í píanóleik. Hann hefur einnig lagt sérstaka áherslu á þjálfun í meðleik á píanó, meðal annars í Austurríki og á Englandi. Nú er hann eftirsóttur píanóleikari og kennari bæði vestan hafs og austan. Árið 2013 stofnaði hann *Musique sur mer en Acadie*, samtök sem helga sig menntun og dreifingu klassískrar tónlistar frönskumælandi hluta Kanada. Síðan 2014 hefur hann verið aðal píanókennari og söngþjálfari við Breno Italy International Music Academy.

Myndlist Carls munu Íslendingar fá að kynnast að ári, því næsta vetur verður haldin sýning í Listasafni Sigurjóns á málverkum hans. Í listaverkum Carls – málverkum og videoverkum – sem nær eingöngu eru unnin í svart-hvítu, birtast andstæður náttúrunnar, þau eru bæði innhverf og íhugul og bjóða upp á óteljandi túlkunarleiðir.

Fyrir fyrstu útgefnu bók sína, *Icarus*, var Carl tilnefndur til verðlauna *Prix Antonine-Maillet-Acadie Vie*. Geisladiskurinn *Tu me voyais* kom út 2022 með tólf útsetningum hans á acadískum þjóðlögum í flutningi hans og sópransöngkonunnar Christina Haldane.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana*